

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 9. október 2012 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Jensína Lýðsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjárhagsáætlun 2013 - forsendur

Fyrir fundinum lá tillaga að helstu forsendum fyrir fjárhagsáætlun 2013.

Sveitarstjórn samþykkti eftirfarandi forsendur:

- Álagning útsvars verði óbreytt frá yfirstandandi ári 14.48%,
- Við fyrstu tillögu áætlunar verði miðað við óbreyttar álagningarforsendur fasteignagjalda.
- Gert verði ráð fyrir 4,5% hækkun verðlags á árinu og rekstrarliðir áætlunar verði miðaðir við það nema aðrar breytingar hafi áhrif á fyrirséðan rekstur.

Fjárhagsáætlun verði lögð fram til fyrri umræðu fyrir 31. október nk.

2. Ársfundur SSNV

Fyrir fundinum lá fundarboð á 20. ársþing SSNV sem haldið verður dagana 12. – 13. október nk. í Félagsheimilinu Fellsborg á Skagaströnd. Í ljósi þess að Sveitarfélagið Skagaströnd verður í ákveðnu gestgjafahlutverki var rætt um hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar og gera þurfi fyrir þingið.

3. Bjarmanes

Fyrir fundinum lá bréf Áslaugar Ottósdóttur sem var til umfjöllunar á síðasta fundi sveitarstjórnar. Einnig lá fyrir fundinum leigusamningur við Áslaugu um húsið sl. sumar og yfirlit um rekstrarkostnað eignarinnar Bjarmaness á árunum 2011 og 2012. Jensína lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið og vék af fundi.

Sveitarstjórn ræddi erindið en samþykkti síðan að fela sveitarstjóra að ganga frá samningi við Áslaugu um leigu næsta sumar.

4. Lokun urðunarstaðar

Fyrir fundinum lá minnisblað um lokun urðunarstaðarins að Neðri Harrastöðum. Þar kemur m.a. fram að vegna lokunar og frágangs urðunarstaðarins á Neðri Harrastöðum gerir UST kröfu um að ábyrgð verði lögð fram sbr. 41. gr. laga nr. 55/2003 en fellst á að hún verði einungis á formi yfirlýsingar en ekki fjárhagsleg nema fram komi kröfur.

Svohljóðandi bókun var samþykkt:

„Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar ábyrgist að staðið verði við þær skyldur sem settar eru fram varðandi frágang og vöktun urðunarstaðar sveitarfélagsins að Neðri-Harrastöðum, sbr. 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Af hálfu Sveitarfélagsins Skagastrandar er litið svo á að yfirlýsing þessi jafngildi starfsleyfistryggingu, sbr. 41. gr. laga nr. 55/2003 og 17.

gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Ábyrgð þessi gildir í 30 ár eftir lokun urðunarstaðarins“

5. Fundur með þingmönnum Norðvesturkjördæmis

Fyrir fundinum lá samantekt um þau erindi sem fulltrúar sveitarstjórnar lögðu fyrir þingmenn kjördæmisins á fundi sem haldinn var á Hvammstanga 2. október sl.

Eftirfarandi mál voru lögð fyrir þingmannahópin:

- a) Sjávarútvegsmál og veiðigjald á sjávaraflla.
 - b) Hitaveita til Skagastrandar, niðurgreiðslur og stofnframlög á fjárlögum.
 - c) Hafnarmál, framlög á fjárlögum til hafnarframkvæmda, ný hafnalög og hlutdeild ríkis í nýframkvæmdum og meiriháttar endurbótum.
 - d) Samgöngumál:
 - Þverárþjallsvegur- Skagastrandarvegur að umrædd framkvæmd þurfi að færast fram á 2. tímabil áætlunarinnar, á árin 2015 -2018.
 - Skagavegur, að staðið verði við lagningu bundins slitlags á Skagaveg(745) frá gatnamótum Skagastrandarvegar að mörkum Skagastrandar og Skagabyggðar.
 - e) Stuðning við sprotaverkefna á rannsókn- og menningarsviði
 - f) Heilbrigðismál
 - Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi, HSB
 - Dvalarheimilið Sæborg
 - g) Menntamál - dreifnám.
 - h) Greiðslustofa Atvinnuleysisstryggingasjóðs á Skagaströnd og atvinnuleysisbætur.
- Oddviti fór yfir umræður á fundinum og skýrði nánar þau erindi sem fram voru lögð.

6. Kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu

Fyrir fundinum lá kjörskrá fyrir Skagaströnd vegna þjóðaratkvæðagreiðslu sem haldinn verður 20. október 2012 ásamt yfirlit yfir helstu dagsetningar í aðdraganda hennar.

Sveitarstjórn yfirfór fyrirbyggjandi kjörskrá og samþykkti að leggja hana fram til kynningar og athugasemda fram að kjördegi.

7. Bréf:

- a. Stjórnar USAH, dags. 4. október 2012
Með bréfinu er óskað eftir styrk frá sveitafélaginu. Samþykkt með þremur atkvæðum að veita 300 þús. kr. styrk til USAH.
- b. Karlakórs Bólstaðahlíðarhrepps, dags. 2. október 2012
Með bréfinu er óskað eftir styrk frá sveitafélaginu. Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.
- c. Innanríkisráðuneytisins, dags. 21. september 2012.
Ráðuneytið sendir fyrirspurn um hvort sveitarfélagið hafi mótað málstefnu í samráði við málanefnd og eftir atvikum málanefnd um íslenskt táknmál í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.
Málið var rætt og ákveðið að svara ráðuneytinu því að slík málstefna hafi ekki verið mótuð.
- d. Skipulagsstofnunar, dags. 24. september 2012.
Með bréfinu er óskað eftir umsögn um tillögu að landsskipulagsstefnu 2013-2024 og umhverfisskýrslu.

Sveitarstjórn taldi ekki ástæðu til sérstakrar umsagnar.

e. Umhverfis og auðlindaráðuneytisins, dags. 25. september 2012.

Með bréfinu er vísað til erindis sveitarfélagsins þar sem óskað var eftir undanþágu frá ákvæðum um laugargæslu bæði hvað varðar fjölda starfsmanna á vakt og aldursviðmið í reglugerð.

Í bréfin kemur m.a. fram að ráðuneytið hefur fallið frá áætlunum um setningu viðmiða í reglugerð og breytt 11. og 14. gr. reglugerðarinnar. Í ljósi þessa hefur ráðuneytið ákveðið að taka ekki undanþágubeiðnina til afgreiðslu og vísar í breyttar forsendur í reglugerðinni.

Bréfið var til kynningar.

f. EBÍ – Brunabót, dags. 13. september 2012

Með bréfinu er tilkynnt um ágóðahlutagreiðslu 2012 sem verði 0,73% af 100 milljónum eða 730 þús. kr.

Bréfið var til kynningar.

g. Atvinnu og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 10. september 2012

Með bréfinu er auglýst eftir umsóknum um byggðakvóta vegna fiskveiðiársins 2012/2013 og að umsóknarfrestur hafi verið til 28. september sl. Meðfylgjandi bréfinu var umsókn frá sveitarfélaginu um byggðakvóta dags. 25. september sem sveitarstjórn hafði staðfest með tölvupóstsamskiptum.

Bréf ráðuneytisins var til kynningar. Sveitarstjórn staðfesti umsókn um byggðakvóta formlega.

8. Fundargerðir:

a. Stjórnar Byggðasamlags um menningu og atvinnumál, 3.10.2012

Fundargerðin var til kynningar.

b. Stjórnar Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, 24.09.2012

Fundargerðin var til kynningar.

c. Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 5.09.2012

Fundargerðin var til kynningar.

d. Stjórnar SSNV, 5.09.2012

Fundargerðin var til kynningar.

e. Menningarráðs Nl. vestra, 5.09.2012

Fundargerðin var til kynningar.

f. Hafnasambands Íslands, 19.09.2012

Fundargerðin var til kynningar.

g. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 7.09.2012

Fundargerðin var til kynningar.

9. Önnur mál

Sveitarstjóri lagði fram lista yfir stöðu mála vegna eigna sem hafa verið gerðar athugasemdir við vegna ástands og skorts á viðhaldi. Umræður urðu um málið og sveitarstjóra falið að vinna áfram að þeim málum þar sem óviðunandi viðbrögð hafa orðið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11⁴⁵

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Jensína Lýðsdóttir,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson